

3. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2014, haldinn 30. apríl 2014 í Flúðaskóla, kl. 14.00.
28. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, , Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Halla S. Bjarnadóttir, fulltrúi kennara. Erla B. Arnardóttir, Bjarney Vignisdóttir og Ingvar Hjálmarsson, boðuðu forföll.

Dagskrá.

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Skóladagatal skólaárið 2014-2015.**
- 3. Árshátíð Flúðaskóla.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Nemendur úr unglिंगadeild tóku þátt í skólahreysti eins og undanfarin ár. Keppnin fór fram í Reykjavík . Breytingar hafa orðin á framkvæmd þessa viðburðar sem fellst meðal annars í því að nú þurfa skólar að greiða þátttökugjald vilji þeir vera með.

Nemendur í 4. - 7. bekk fóru í skíðaferð í Bláfjöll þann 1. apríl og áttu frábæran dag í fjallinu í blíðuveðri.

Miðvikudaginn 9. apríl var árshátíð miðstigs og yngsta stigs haldin í Félagsheimili Hrunamanna þemað í ár var Fjalla-Eyvindur og Halla. Árshátíðin þótti takast sérstaklega vel og var góður rómur gerður að snilldarlega útfærðum atriðum þar sem fjallað um viðfangsefnið frá ýmsum hliðum.

Fimmtudaginn 10. apríl var síðan árshátíð elsta stigs haldin einnig í Félagsheimili Hrunamanna þar var boðið upp á mat, kennaragrín og frumsamið leikrit. 9. bekkingar sáu um framkvæmd á hátíðinni og foreldrar þeirra hjálpuðu til um kvöldið. Allt heppnaðist þetta afskaplega vel. Svo góður rómur var gerður að leikriti að ákveðið var að bjóða upp á þrjár aukasýningar, tvær sem selt var inná og eina fyrir nemendur úr nærsveitum.

Gaman er þegar svo vel tekst til enda ómæld vinna sem starfsfólk og nemendur lögðu á sig við undirbúning og framkvæmd hátíðanna.

Nemendum í 1. – 6. bekk var boðið á tónleikana Maximús kætist í kór, en það er verkefni sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir ásamt nokkrum barnakórum. Tónleikarnir fóru fram á Selfossi þann 23. apríl og voru okkur að kostnaðarlausu fyrir utan rútukostnað.

Starfsmannamál

Starfsmannaviðtölum er lokið að mestu og verið að vinna úr niðurstöðum þeirra. Ljóst er orðið að fækka þarf kennurum sem nemur einu og hálfu stöðugildi og því þurfti að segja einum kennara upp og annar kennari sem var aðeins með ársráðningu verður ekki endurráðinn. Þá hefur verið fjárfest í

sérstöku stundatöfluforriti og eru stjórnendur byrjaðir að setja forsendur inn í það svo stundatöflur ættu að verða tilbúnar mun fyrr en oft áður.

Jóhanna Lilja aðstoðarskólalastjóri er að fara í veikindaleyfi upp úr miðjum maí og kemur ekki til starfa aftur fyrr en í ágúst, þá á hún væntanlega eftir einhverja sumarleyfisfisdaga. Ekki er búið að ganga frá því hvernig hennar forföll verða leyst.

Grunnskólakennarar hafa samþykkt vinnustöðvun 3 daga í maí og því líklegt að nemendur sitji heima dagana 15., 21. og 27 maí.

2. Skóladagatal skólaárið 2014-2015.

Skólalastjóri lagði fram drög að skóladagatali Flúðaskóla fyrir næsta skólaár, 2014-2015. Þar er gert ráð fyrir að skólasetning verði fimmtudaginn 21. ágúst og skólaslit þann 4. júní. Dagatalið er samræmt við dagatal Þjórsárskóla.

Nemendafjöldi á komandi skólaári er áætlaður 117.

Skólanefnd telur æskilegt að vetrarfrí séu samræmd, a.m.k fyrir á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og þá í fyrsta sinn skólaárið 2015-2016. Nefndin beinir því til sveitastjórnar að málið verði tekið upp á viðeigandi vettangi.

Skólanefnd samþykkir dagatalið.

3. Árshátíð Flúðaskóla.

Skólanefnd vill þakka fyrir og hrósa nemendum, starfsfólki og öðrum sem komu að framkvæmd og undirbúningi árshátíða yngri og eldri nemenda, fyrir frábæra skemmtun. Hátíðarnar voru öllum til mikils sóma.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.45.